

Ársskýrsla USAH fyrir árið 2020



Skýrsla stjórnar USAH

Starf USAH á árinu 2020 var með mjög óhefðbundnu sniði sökum heimsfaraldursins og margir póstar í starfinu féllu niður. Hér verður þó farið yfir starf sambandsins

Árþing USAH

Vegna samkomutakmarkana var 103. Árþingi USAH sem vera átti í mars 2020 frestað. Tvisvar sinnum var það sett á áætlun aftur en að lokum var ákveðið að fresta því til ársins 2021. Stjórn sambandsins sat óbreytt allt árið 2020 frá fyrra ári og var hún því þannig skipuð:

Rúnar Aðalbjörn Pétursson	formaður
Guðmann Jónasson	varaformaður
Baldur Magnússon	ritari
Auður Ingimundardóttir	gjaldkeri
Guðrún Sigurjónsdóttir	meðstjórnandi



Húnavökuritið

Húnavökuritið hefur verið gefið út af USAH óslitið frá árinu 1961. Í ritinu er að finna miklar heimildir um líf og störf Húnavetninga og starfsemi hinna ýmsu félaga og fyrirtækja í Austur-Húnavatnssýslu. Efni, uppsetning og dreifing á ritinu var með svipuðu sniði árið 2020 líkt og undanfarin ár þó að samkomutakmarkanir hafi sett eitthvert strik í starf ritnefndarinnar. Að sjálfsögðu leystu nefndin og ritstjóri það verkefni og vill stjórn USAH þakka þeim fyrir þeirra starf á þessum sérstöku tímum. Aðildarfélög USAH önnuðust dreifingu á ritinu líkt og í fyrra og eru þeim hér með færðar þakkir fyrir það.

Kaffiveitingar á 1. maí

Vegna samkomutakmarkana féll 1. maí kaffi Samstöðu niður og varð því ekkert úr þeirri fjáröflun á vegum sambandsins. Þessi fjáröflun hefur verið nýtt til fjármögnunar á þátttökugjöldum keppenda á Unglingalandsmóti UMFÍ en því var einnig frestað á árinu.

Mót

USAH stóð fyrir 2 mótum á árinu 2020. Héraðsmót innanhúss í frjálsum íþróttum átti að halda í mars 2020 en féll niður. Barnamót USAH var haldið þann 15. júlí á Blönduósi og sá Umf. Hvöt um framkvæmd mótsins. Mótið tókst mjög vel og tóku um 60 börn, 10 ára og yngri, þátt í mótinu sem er frábær þátttaka. Héraðsmót USAH í frjálsum íþróttum var haldið á Blönduósvelli



7. og 14. júlí. Framkvæmd mótsins var með svipuðu sniði og verið hefur en fresta þurfti seinni degi mótsins til 14. júlí vegna manneklu. Framkvæmdin gekk vel og var veðrið okkur nokkuð hagstætt að þessu sinni. Keppendur á mótinu voru frá fjórum félögum og stóð keppendafjöldi í stað á milli ára. Úrslit mótsins urðu þau að Umf. Hvöt bar sigur úr bítum og varð Umf. Fram í öðru sæti.

Unglingalandsmóti UMFÍ sem vera átti á Selfossi um verslunarmannahelgina var fresta um eitt ár og því var USAH ekki á ferðalagi um verslunarmannahelgi líkt og undanfarin ár. Sambandið stefnir á að senda öflugan hóp keppenda á Selfoss árið 2021 og njóta þess sem mótið hefur upp á að bjóða.

Á laugardegi um Húnavöku stóð til að hlaupa Blönduhlaup USAH og var skráning orðin ágæt. En mörgum keppendum og stjórn USAH leist ekki á veðurútlitið og var því ákveðið að fella hlaupið niður. Það er von stjórnar að þeir sem höfðu skráð sig muni mæta galvaskir árið 2021 og að fjöldi manns muni taka þátt í hlaupinu þá.



Annað úr starfi sambandsins

Enginn starfsmaður var hjá sambandinu á árinu 2020 og sinnti stjórn daglegum rekstri sambandsins.

Á árinu 2020 sátu fulltrúar USAH ýmsa fundi á vegum UMFÍ og ÍSÍ í gegnum fjarfundarbúnað.

Stjórn USAH vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga sem styrktu starf sambandsins á árinu 2020 þrátt fyrir allt sem gekk á í samfélaginu. Þessi stuðningur rennir styrkum stoðum undir starfsemi sambandsins ásamt lottótekjum. Einnig vill stjórn þakka aðildarfélögum fyrir þeirra starf á árinu 2020 og ljóst er að mörg þeirra hafa unnið þrekvirki í að reyna að halda úti skipulögðu starfi, þá sérstaklega fyrir börn, á þessum erfiðu tímum.

Að lokum vill stjórn USAH þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem inntu af hendi mikla vinnu fyrir sambandið en án þeirra væri ekki hægt að halda úti viðburðum og mótum sem sambandið stendur fyrir.

F.h. stjórnar USAH

Rúnar Aðalbjörn Pétursson

Formaður